

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í
Rússlandi, nr. 893/2024.

1. gr.

Breytt heiti reglugerðar.

Heiti reglugerðar nr. 893/2024 verður: **Reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Rússland.**

2. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi töluliðir skulu bætast við 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, í rétttri númeraröð:

3. Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2024/2643 frá 8. október 2024 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika, sbr. fylgiskjal 3.

4. Reglugerð ráðsins (ESB) 2024/2642 frá 8. október 2024 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika, sbr. fylgiskjal 4.

3. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 20. nóvember 2024.

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjöl.

(sjá PDF-skjal)

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.